

1995

Fimmtudaginn 3. desember 1992.

Nr. 487/1989. **Jón Elliði Þorsteinsson**

(Jón G. Briem hrl.)

gegn

Erlu Sigurjónsdóttur

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

og gagnsök.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Örorkumat. Sakarskipting. Læknaráð.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1989. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu, en til vara, að hann verði dæmdur til að greiða stefndu mun lægri fjárhæð en í hinum áfrýjaða dómi. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir báðum dómstigum.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. janúar 1990. Hún krefst þess aðallega, að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða skaðabætur, að fjárhæð 2.654.100 krónur, með vöxtum sem hér segir: 34% ársvöxtum frá 1. maí 1982 til 31. október s. á., 42% frá 1. nóvember s. á. til 20. september 1983, 35% frá 21. september til 20. október s. á., 32% frá 21. október til 20. nóvember s. á., 27% frá 21. nóvember til 20. desember s. á., 21,5% frá 21. desember s. á. til 20. janúar 1984, 15% frá 21. janúar til 12. ágúst s. á., 17% frá 13. ágúst til 31. desember s. á., 24% frá 1. janúar 1985 til 10. maí s. á., 22% frá 11. maí s. á. til 28. febrúar 1986, 12% frá 1. mars til 31. mars s. á., 9% frá 1. apríl s. á. til 20. janúar 1987, 10% frá 21. janúar til 20. febrúar s. á., 11% frá 21. febrúar til 30. apríl s. á., 12% frá 1. maí til 20. júní s. á., 13% frá 21. júní til 10. júlí s. á., 15% frá 11. júlí til 20. september s. á., 17% frá 21. september til 10. október s. á., 19% frá 11. október til 31. október s. á., 20% frá 1. nóvember til 30. nóvember s. á., 22% frá 1. desember 1987 til 20. janúar 1988, 20% frá 21. janúar til 29. febrúar s. á., 19% frá 1. mars til 1. apríl

s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 15., sbr. 10. grein vaxtalaga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 277.176 krónum, er Samvinnutryggingar gt. greiddu stefndu 8. mars 1988. Þess er krafist, að kveðið verði á í dómsorði, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 1. apríl 1988. Þá er krafist greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara er þess krafist, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Aðaláfrýjandi ók bifreið sinni, MG-sportbifreið, eftir Grænásvegi á Keflavíkurflugvelli, þar sem hann liggur beinn í nokkrum slakka niður að Grænáshliðinu. Aðaláfrýjandi sá fólksflutningabifreiðina kyrrstæða, löngu áður en hann kom að henni. Rétt áður en gagnáfrýjandi hljóp yfir veginn og á bifreið hans, ók hann yfir gatnamót, sem merkt voru með gangbrautarkerki. Fallast ber á það álit héraðsdóms, að aðaláfrýjandi beri sök á slysinu með aksturslagi sínu, en að gagnáfrýjandi beri sjálf nokkra sök, þannig að lækka beri bætur til hennar um 1/4 hluta vegna eigin sakar.

Með vísan til álits lækna ráðs 13. júlí 1989 verður að telja í ljós leitt, að flogaveiki gagnáfrýjanda sé sennileg afleiðing af slysi þessu. Eigi er ágreiningur um læknisfræðilegt mat á örorku gagnáfrýjanda.

II.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hefur reiknað höfuðstólsverðmæti örorkutjóns gagnáfrýjanda á slysdegi 1.117.200 krónur. Hinn 3. mars 1988 var henni greidd váttryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar vegna bifreiðarinnar, 120.000 krónur, ásamt vöxtum frá 7. maí 1982 til 10. mars 1988 og útlögðum kostnaði. Þegar tekið hefur verið tillit til skattfrelsis örorkubóta og hagræðis af eingreiðslu, þykir tjón gagnáfrýjanda vegna varanlegrar örorku hæfilega ákveðið 850.000 krónur. Miski gagnáfrýjanda telst hæfilega metinn 110.000 krónur miðað við slysdag, og telst tjón hennar því nema 960.000 krónum. Verður aðaláfrýjanda gert að greiða 3/4 hluta þess, 720.000 krónur, að frádregnum 120.000 krónum, þ. e. 600.000 krónur, ásamt vöxtum frá 1. maí 1982 og málskostnaði eins og í dómsorði greinir.

1997

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Jón Elliði Þorsteinsson, greiði gagnáfrýjanda, Erlu Sigurjónsdóttur, 600.000 krónur með 34% ársvöxtum frá 1. maí 1982 til 1. nóvember s. á., 42% frá þeim degi til 21. september 1983, 35% frá þeim degi til 21. október s. á., 32% frá þeim degi til 21. nóvember s. á., 27% frá þeim degi til 21. desember s. á., 21,5% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% frá þeim degi til 13. ágúst s. á., 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí s. á., 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% frá þeim degi til 1. apríl s. á., 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% frá þeim degi til 21. febrúar s. á., 11% frá þeim degi til 1. maí s. á., 12% frá þeim degi til 21. júní s. á., 13% frá þeim degi til 11. júlí s. á., 15% frá þeim degi til 21. september s. á., 17% frá þeim degi til 11. október s. á., 19% frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 20% frá þeim degi til 1. desember s. á., 22% frá þeim degi til 21. janúar 1988, 20% frá þeim degi til 1. mars s. á., 19% frá þeim degi til 1. apríl s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. apríl 1988.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 360.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar, fyrrverandi hæstaréttardómara.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakin lýsing á vettvangi samkvæmt uppdrætti eins þeirra lögreglumanna, sem komu á staðinn fljótlega eftir, að slysið varð. Kemur þar fram, að hemlaför eftir bifreið aðaláfrýjanda mældust 25 m, þar af 10 m að þeim stað, þar sem hann sveigði bifreiðina út af Grænásvegi. Samkvæmt uppdrættinum hafði aðaláfrýjandi ekið fram hjá umferðarmerki A 7., sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 61/1959 um umferðarmerki og notkun þeirra, sbr. ákvæði 38. og 66. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem voru í

gildi á þessum tíma. Var umferðarmerki þetta aðaláfrýjanda á hægri hönd sunnan götu heim að fjölbýlishúsum, sem þar eru. Gaf það til kynna, að sýna bæri sérstaka aðgæslu vegna gangandi vegfarenda yfir veginn. Bar aðaláfrýjanda að haga akstri sínum í samræmi við það. Þegar litið er til þess, að bifreiðin stöðvaðist ekki fyrr en um 25 m eftir, að aðaláfrýjandi beitti hemlum, tel ég ljóst, að hann hafi ekið allt of hratt miðað við aðstæður, sbr. ákvæði j-liðar 2. mgr., sbr. 1. mgr. 49. gr. þágildandi umferðarlaga. Því tel ég, að leggja beri á hann alla fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómara Hæstaréttar um, að líkamstjón gagnáfrýjanda sé afleiðing umrædds slyss, svo og um ákvörðun bóta fyrir fjárhagslegt og ófjárhagslegt tjón gagnáfrýjanda og tel samkvæmt framansögðu, að aðaláfrýjandi skuli bæta það að fullu með vöxtum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 2. nóvember 1989.

1. Mál þetta, sem var dómtekið 10. f. m., var höfðað 7. maí 1986. Stefndi er Erla Sigurjónsdóttir, starfsstúlka á Kópavogshæli, Brekkustíg 15, Njarðvík.

Stefndi er Jón Elliði Þorsteinsson fulltrúi, Hringbraut 48, Keflavík. Samvinnutryggingum gt. var stefnt til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 2.654.100 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að þær verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu. Mótmælt er sem of seint fram kominni þeirri kröfu, sem stefndi gerði við málflutning, að dráttarvextir legðust við tildæmdan málskostnað.

2. Í stefnu greinir svo frá málavöxtum: „Miðvikudaginn 12. maí fékk stefndi máls þessa, Erla Sigurjónsdóttir, sem þá var átta ára gömul, far með rútubifreiðinni J-433 frá biðskýlinu í Njarðvík. Var ferðinni heitið að gatnamótum Grænásvegar og afleggjarans að íbúðarhúsunum í Grænási á Keflavíkurflugvelli, en þar átti Erla heima.

Ökumaðurinn, Bjarni S. Friðriksson, ók bifreiðinni frá Njarðvík, gegnum Grænáshlið, upp Grænásveg og stöðvaði bifreiðina vel úti í hægri vegarkanti rétt neðan við fyrrnefnd gatnamót. Þar hleypti hann Erlu út úr bifreiðinni.

Erla gekk yfir Grænásveg, en í sömu andrá bar að bifreiðina Ö-1468, sem ekið var hratt niður veginn í átt að hliðinu. Erla kveðst hafa séð bifreiðina, áður en hún fór út á veginn, en henni fannst bifreiðin vera langt í burtu. Ökumaður og eigandi bifreiðarinnar, stefndi, Jón Þorsteinsson, sveigði frá Erlu og hemlaði, en tókst ekki að afstýra því, að vinstra fram-bretti bifreiðarinnar skall á Erlu. Féll hún í götuna og hlaut mikið högg hægra megin á höfuð. Var Erla flutt í Sjúkrahús Keflavíkur-læknishéraðs, og kom þar í ljós, að hún hafði fengið heilahristing, og á röntgenmynd sást sprunga í höfuðkúpu hægra megin. Hún útskrifaðist af sjúkrahúsinu eftir þrjá daga og virtist ná sér eftir höfuðkúpubrotið.

Í ágúst mánuði 1979 fékk Erla mikið krampakast og var eftir það send í ýtarlega læknisrannsókn. Leiddi hún í ljós, að Erla er flogaveik. Flogaveikin er á talsvert háu stigi, en henni hefur að mestu leyti verið haldið í skefjum með lyfjum. Læknar telja, að flogaveikin sé afleiðing af fyrr-nefndum höfuðáverka. Þá bendir allt til þess, að áverkinn hafi verulega heft þroska Erlu. Hún hefur átt í erfiðleikum í námi. Hún á erfitt með einbeitingu, og mun þetta að líkindum stórlega minnka tekjumöguleika hennar í framtíðinni og valda henni auk þess öðrum erfiðleikum og óþæg-indum.

Varanlegar afleiðingar höfuðáverka eru oft lengi að koma að fullu í ljós, sérstaklega þegar börn slasast. Liðu mörg ár, þar til unnt var að greina sjúkdóm Erlu og ákvarða, af hverju hann stafaði. Gengið hefur illa að afla vottorðs frá sérfræðingi þeim, sem stundað hefur Erlu, Sverri Bergmann, og tókst ekki að afla þess fyrr en 1. þ. m. Fyrr lá ekkert skriflegt læknis-fræðilegt gagn fyrir, sem færði sönnur á afleiðingar slyssins á heilsu Erlu. Því er máli þessu stefnt, án þess að fyrir liggi örorkumat læknis og tjóns-útreikningar tryggingafræðings. Þess vegna hefur ekki heldur verið leitað samninga við Samvinnutryggingar gt. um uppgjör í málinu, en það verður gert hið fyrsta.

Málsókn þessi nú er óhjákvæmileg vegna þess, að skaðabótakrafa Erlu á hendur stefnda er að því komin að fyrnast.“

Stefndi gerir þá athugasemd eina við þessa málavaxtalýsingu, að því sé mótmælt, að stefndi hafi ekið hratt, er slysið varð.

3. Lögreglumenn komu þegar á slyssvettvang vegna tilkynningar lögreglu-manns, sem var á verði í Grænáshliði. Segir í skýrslu þeirra, að slysið hafi orðið kl. 12.04 miðvikudaginn 12. maí 1976 á Grænásvegi nokkuð ofan við varðskýli, um 13 metra neðan við afleggjarann að Grænáshúsunum (fjölbýlishús). Dagsbirta hafi verið og sólskin, yfirborð vegar malbikað og færi þurrt. Samkvæmt vettvangsuppdrætti var rútubifreiðin J-433 við hægri (nyrðri) brún Grænásvegar miðað við akstursstefnu í vesturátt, að mestu utan akbrautar, um þrjá metra frá mótum vegar, sem liggur frá

norðri til suðurs að Grænáshúsum. Við gagnstæða brún 7 metra breiðs vegarins, að mestu utan hans, lá telpa, stefnandi máls þessa, fjarlægð frá gatnamótum 18 metrar og frá afturenda rútubifreiðar 10 metrar. Hemlaför bifreiðar stefnda, Ö-1468, sem var nokkru hægra (sunnan) megin vegar miðað við akstursstefnu til austurs, eru mörkuð 25 metra löng, þar af 10 metrar frá gatnamótunum að þeim stað, er þau sveigja út af Grænásvegi, um tvo metra aftan við rútubifreiðina.

Bjarni S. Friðriksson, ökumaður bifr. J-433 (lítil Flugleiðarúta) í umrætt sinn, skýrði svo frá við skýrslutöku hjá lögreglu, að rétt eftir að Erla fór út og aftur fyrir bifreiðina, hefði hann séð hana hlaupa beint yfir veginn í átt að Grænáshúsunum. Hún hefði haft sólina á móti sér, en að auki verið með úlpuhettu á höfði. Hann hefði ekki séð neina umferð um veginn fyrr en í sama mund og Erla hljóp af stað, er hann sá bifreiðina Ö-1468 bera hratt að eftir veginum. Stjórnandi þeirrar bifreiðar hafi vist sveigja hratt frá telpunni og hemla, en hún hafi hlaupið beint í átt að bifreiðinni, skolið á hlið hennar og vist hafa fengið mikið högg.

Lögreglumaður hefur eftir stefnda á slysstað, að hann hafi ekið á um 50 km hraða á leið út af Keflavíkurflugvelli, er hann hafi séð Erlu hlaupa yfir götuna, og þegar hemlað og sveigt út af veginum. Við yfirheyrslu hjá lögreglu kvaðst stefndi hafa verið búinn að skipta í 3. ganghraðastig ofan við gatnamótin, enda skammt að Grænáshliði, þar sem ávallt hafi orðið að nema staðar. Kvað hann hraða bifreiðar sinnar hafa verið milli 20 og 25 mílna eða 32-40 km/klst. Hann kvaðst hafa talið, að ekki væri að vænta þess, að farþegi færi frá rútunni. Allt í einu hafi litla stúlkan komið í ljós, hlaupandi yfir veginn og hvorki horft til hægri né vinstri, en að auki með hettu yfir höfuð. Mikill hávaði hafi verið af flugvélum og stúlkan haft sólina í andlitið. Taldi stefndi víst, að af þessum sökum hefði stúlkan ekki orðið vör bifreiðar hans fyrr en of seint. Kvaðst hann hafa gert allt í senn, að þeyta bílflautuna, hemla og sveigja frá. Með þessu móti hafi tekist að forða stúlkunni frá því að lenda framan á bifreiðinni, en þess í stað hafi hún lent á vinstri hurð aftan við hliðarspegil. Fyrir dómi skýrði stefndi frá atvikum mjög á sömu lund og að framan greinir. Hann kvaðst ekki hafa séð neina hreyfingu í rútunni á 300-400 m akstursleið að henni og verið búinn að „afskrifa hana sem hættumerki“, er telpa birtist allt í einu aftan við hana á harðaspretti og hægði aldrei á sér. Ekki hafi verið um að ræða venjulegan áningarstað fólksflutningabifreiða. Hann kvað hliðarspegil bifreiðar sinnar hafa brotnað við ákomuna.

Stefnandi kvaðst aðeins muna, að hún fór út úr bifreiðinni, og kvað sig minna, að hún hefði farið aftur fyrir hana.

Auk málsaðila gáfu skýrslur fyrir dómi móðir stefnanda, Gunnlaug Bjarndís Jónsdóttir, og fyrrverandi yfirkennari Grunnskóla Njarðvíkur, Sigríður Ingibjörnsdóttir.

4. Ályktun örorkumats Björns Önundarsonar læknis, dags. 15. október 1986, er að meginhluta svohljóðandi: „Í vottorði Sverris Bergmanns taugasjúkdómasérfræðings, sem er dags. 14.4. 1986, en hann hefur stundað Erlu og fylgst með henni eftir slysið, er talið, að slasaða hafi farið að „detta úr sambandi“ stöku sinnum, áður en hún fékk greinilega krampakast 20.8. 1979 í flugferð í Ameríku. Eftir „grandmal“-kast það, sem slasaða varð fyrir í Ameríku, fór hún þar í rannsókn, en ekki fundust nein einkenni um heilaáverka önnur en að heilalínurit var óeðlilegt og með flogaveikis-einkennum miðtemporalt hægra megin. Sverrir Bergmann taugasjúkdómasérfræðingur hefur oft skoðað slösuðu og engin einkenni fundið um sjúkdóm í miðtaugakerfi, en hins vegar gert heilalínurit oftast en einu sinni, sem staðfesta tilvist flogaveikinnar. Sverrir Bergmann taugasjúkdómasérfræðingur telur, að slasaða sé vægt skert andlega, en segir það aðeins „bedside“-greiningu. Eftir „grandmal“-kast það, sem slasaða fékk í Bandaríkjunum í ágúst 1979, var hún sett á depakin og er á því lyfi enn. Síðan hefur slasaða ekki fengið krampaköst, en hún fær hins vegar „væg köst“, telst þó ekki missa meðvitund, en trúlega er hér um „petitmal“-köst að ræða.

Gylfi Ásmundsson sálfræðingur gerði sálfræðipróf á slösuðu 14. og 19. júní 1986. Niðurstaða þessara prófa er í stuttu máli sú, að slasaða sé ekki andlega skert og að hún sé að eðlisfari vel meðalgreind. Á hinn bóginn koma fram ákveðin egó-veikleikaeinkenni, en einnig einkenni um þekkingarskort. Ætla má, að flogaveiki slösuðu orsakist af áverka þeim, er hún hlaut átta ára gömul í bílslysi á Keflavíkurflugvelli. Vitsmunaleg skerðing verður ekki rakin til þessa slyss. Auðsjáanlegt er, að gera má ráð fyrir, að flogaveikin verði varanleg og slasaða þurfi að vera á lyfjum ævilangt. Þótt stærri köstum flogaveikinnar sé haldið niðri með lyfjum, eru minni háttar köst, sem þó hvergi er greinilega lýst, en ætla má, að séu svokölluð „petitmal“-köst.

Slasaða, sem nú er átján ára að aldri, býr þannig við flogaveiki, sem ætla má, að stafi af höfuðáverka þeim, er hún hlaut í slysinu á Keflavíkurflugvelli 12.5.1976. Ekki er talið, að um verulega eða marktæka greindarskerðingu sé að ræða, en þekkingarskortur er áberandi og kann að stafa óbeint af slysi því, er hér um ræðir, þar sem slasaða gat lítið stundað skólanám árin á eftir. Allar líkur benda til, að slasaða verði að taka lyf vegna flogaveikinnar ævilangt, og munu þau ein og sér draga nokkuð úr starfsgetu slösuðu. Minnisleysi það og einbeitingarskortur, sem móðir slösuðu telur hana nú búa við, kunna að einhverju leyti að stafa af lyfjagjöf. Erfitt er þó ætíð að fullyrða þessa hluti, þar sem áhrif lyfja eru mjög mismunandi á hina ýmsu einstaklinga. Þannig verður að telja, að flogaveiki sú, sem slasaða nú hefur og telja verður, að stafi af slysi því, er hér um ræðir, valdi verulegri starfsskerðingu og hafi trúlega veruleg áhrif á starfsval

slösuðu. Ekki verður talið líklegt, að neinn frekari bati fáiast á afleiðingum þessa slyss hér eftir. Þar sem nú svo langt er um liðið, frá því að áðurnefnt slys átti sér stað, þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundna og varanlega örorku, sem slasaða telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir örorkan hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í tólf mánuði	100%
eftir það í sex mánuði	50%
varanlega	30%.“

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hefur reiknað út örorkutjón stefnanda á grundvelli þessa örorkumats. Í skýrslu hans, dags. 24. mars 1988, segir, að miðað sé við, að tekjutap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og varanleg örorka sé metin.

Reiknað er með tekjutapi frá og með 15. aldursári og höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps:

Miðað við 1.5.1982 kr. 2.254.100.

Miðað við 1.5.1986 kr. 3.251.400.

Tryggingastærðfræðingurinn vekur athygli á því, að venjulega sé reiknað höfuðstólsverðmæti á slysdegi. Einnig getur hann þess, að við útreikning höfuðstólsverðmætis séu fram að útreikningsdegi, 24. mars 1988, notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbankanum, en eftir þann dag 6% vextir og vaxtavextir.

Með úrskurði dómsins, upp kveðnum 1. júlí 1988, var óskað svara lækna ráðs við eftirfarandi spurningum:

1. Telur lækna ráð, að flogaveiki stefnanda, Erlu Sigurjónsdóttur, verði rakin til slyss þess, sem hún varð fyrir 12. maí 1976, sbr. vottorð Sverris Bergmanns lækni, dags. 14.4.1988?

2. Getur lækna ráð fallist á örorkumat Björns Önundarsonar lækni?

3. Fallist lækna ráð ekki á örorkumat Björns Önundarsonar, óskast um sögn ráðsins um það, hver teljist örorka stefnanda.

Álitsgerð og úrskurður lækna ráðs, dags. 13. júlí 1989, er þannig:

„Ad.1. Lækna ráð hefur leitað umsagnar Marinós P. Hafstein, sérfræðings í taugalækningum. Niðurstaða hans er, að af þeim gögnum, sem lögð hafa verið fram, sjáist engin augljós orsök á flogaveiki stefnanda önnur en höfuðáverki, sem hún hlaut 12.5.1976. Lækna ráð fellst á þessa niðurstöðu.

Ad.2. Að fengnum skýringum Björns Önundarsonar á áætlun á tímabundinni örorku, sem er gerð samkvæmt norrænum staðli um uppsafnaða örorku frá slysdegi til þess dags, sem örorkan er metin, fellst lækna ráð á niðurstöðu hans um tímabundna örorku.“

5. Stefnandi reisir skaðabótakröfu sína á því, að slysið hafi orðið vegna notkunar bifreiðarinnar Ö-1468 sem ökutækis, og beri stefndi sem skráður eigandi hennar fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, enda þótt það verði eigi rakið til bilunar í bifreiðinni eða ógætni ökumanns hennar, sbr. 1. mgr. 67. gr. og 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Þá er því haldið fram, að stefndi virðist að mestu leyti eiga sök á slysinu. Samkvæmt frásögn hans í lögregluskýrslu hafi hann ekið á 50 km hraða fram hjá kyrrstæðri fólksflutningabifreið, en þarna megi eiga von á umferð gangandi fólks, einkum barna. Einnig segi ökumaður fólksflutningabifreiðarinnar bifreið stefnda hafa borið hratt að eftir veginum. Þá bendi löng hemlaför til þess, að bifreiðin hafi verið á mikilli ferð. Vitnað er til 1., 2. og 3. mgr., liða a, c og k, 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Um bótafjárhæð segir m.a.: „Engin lög eða rök standa til þess að miða útreikning á höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda við slysdag, eins og oftast er gert í íslenskum skaðabótamálum. Verið er að reikna út framtiðartekjutap stefnanda, tap, sem hún á eftir að verða fyrir næstu áratugi. Þetta tap er byggt á varanlegri örorku stefnanda nú og vinnulaunum, eins og þau eru nú. Að reikna út vinnutekjutap stefnanda miðað við slysdag er ekki rökrétt. Það kynni að leiða til þeirrar niðurstöðu, að stærstur hluti vinnutekjutaps stefnanda næstu áratugi myndi týnast. „Vextir“ á þá kröfu fyrstu sex árin frá slysdegi væru þá hugsanlega fyrndir mörgum árum áður en vinnutekjutapið sjálft kom til og hægt var að gera sér grein fyrir fjárhæð kröfunnar.“

Ábyrgðartryggingandi bifreiðarinnar Ö-1468, Samvinnutryggingar gt., sem stefnt var til réttargæslu með vísan til 1. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, greiddi stefnanda 3. mars 1988 277.176 kr. auk útlagðs kostnaðar og málskostnaðar.

Sýknukrafa stefnda er á því reist, að ósannað sé, að örorka stefnanda stafi af umræddu slysi. Ekkert liggi fyrir um, hvernig það bar að, að stefnandi fékk flogaveikikast í Bandaríkjunum í ágúst 1979. Álit Sverris Bergmanns um orsök flogaveikinnar sé langt frá því að vera afdráttarlaust, þar sem hann bendi á, að ekki sé útilokað, að flogaveikin og andlegir erfiðleikar hafi verið til staðar fyrir slysið. Veikin gæti síðan komið í ljós við slysið, en orsakist ekki af því.

Við aðalmeðferð málsins voru færðar fram nýjar málsástæður til stuðnings sýknukröfu, annars vegar, að stefnandi eigi alla sök á slysinu, og hins vegar, að tómlæti við að halda fram kröfum eigi að leiða til sýknu, sbr. 78. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Lögmaður stefnanda mótmælti þessum nýju sýknuástæðum sem of seint fram komnum. Dómurinn fellst á andmælin, en gerir jafnframt þá athugasemd, að tilvitnað lagaákvæði á við um fyrningu, ekki tómlætisáhrif.

Varakröfu um lækun dómkrafna reisir stefndi á eftirgreindu: a) Stefnandi eigi augljóslega einhverja sök á slysinu. b) Útreiknaðar bætur beri að lækka vegna skattfrelsis bótanna og hagræðis af eingreiðslu. c) Aðferð við útreikning örorkutjóns og niðurstöðu er mótmælt sem rangri. Dómvenja sé fyrir því að miða útreikning slysabóta við slysdag og reikna vexti frá þeim degi. d) Hver sem raunveruleg örorka stefnanda sé, þá sé því mótmælt, að hún hafi nokkur áhrif á tekjumöguleika stefnanda í framtíðinni.

Lögmaður stefnda lýsti því yfir við aðalmeðferð, að fallið væri frá fyrri andmælum gegn niðurstöðu örorkumats. Þá var einnig upplýst, að stefnandi hefði ekki fengið greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Að ósk lögmanns stefnda endurreiknaði Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur 27. júlí 1988 örorkutjón stefnanda miðað við höfuðstólsverðmæti á slysdegi. Forsendur eru að öðru leyti hinar sömu og við fyrrgreindan útreikning að því undanskildu, að tekjur frá og með 22. aldursári eru reiknaðar 70% af 1.200.200 kr. í stað 956.500 kr. „Það eru nú taldar vera meðaltekjur iðnaðarmanna samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar.“ Niðurstaðan er 1.117.200 kr.

6. Stefndi ber sem eigandi bifreiðarinnar Ö-1468 samkvæmt 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem voru í gildi, er slysið varð, hlutlæga fébótaábyrgð á tjóni stefnanda að því leyti, sem ekki þykir rétt að lækka fébætur eða jafnvel láta þær alveg niður falla, vegna þess að stefnandi teljist meðvaldur að því, sbr. 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga.

Við mat á sök stefnanda verður jafnframt að líta til þess, hver sé hlutur stefnda að því leyti. Af gögnum málsins um aðdraganda slyssins þykir sýnt, að stefndi hafi ekið of hratt og án nægrar aðgæslu nálægt íbúðahverfi, um gatnamót og meðfram kyrrstæðri fólksflutningabifreið, þar sem ávallt má búast við umferð gangandi. Á hinn bóginn var ferð stefnanda aftur fyrir bifreiðina J-433 og viðstöðulaust þvert yfir veginn mjög gálausleg. Niðurstaða dómsins er sú, að lækka beri bætur til stefnanda um 1/4 vegna sakar hennar og að dæma beri stefnda til að bæta henni 3/4 hluta tjóns.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

1. Örorkutjón	kr. 2.254.100
2. Miskabætur	— 400.000

Dómurinn telur sannað af læknisfræðilegum gögnum málsins, að vegna slyssins hafi stefnandi orðið fyrir fjártjóni og miska. Af hálfu stefnda hafa ekki verið færð fram rök fyrir því, að víkja beri frá þeirri dómvenju að leggja læknisfræðilegt mat á varanlegri örorku til grundvallar mati á örorkutjóni.

Um 1.

Mismunur niðurstöðutalna örorkutjónsútreikninga, sem fram hafa verið lagðir, orsakast að mestu af mismunandi löngum afvöxtunartíma frá útreikningsdögum. Verðmætið kemur aftur með því að reikna sömu vexti á höfuðstólsverðmæti örorkutjóns.

Sú dómvenja að miða höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps vegna örorku við slysdag styðst ekki í þessu máli við jafnljós rök og tíðast er, þar sem í hlut átti barn og reiknað var með vinnutekjutapi fyrst sex árum eftir slysið, og enn lengri tími, uns auðið yrði að meta örorku. Engu að síður teldi dómurinn sig vera bundinn af fordæmum, kæmi eigi annað til. Miðað yrði þá við „slysdagsbætur“, einkum vegna fyrningar vaxta frá slysdegi til 7. maí 1982, sbr. H. 1988, 302.

Andmæli stefnda gegn kröfugerð stefnanda að þessu leyti eru byggð á því einu, að hún brjóti í bága við dómvenju. Við rekstur málsins lét lögmaður stefnda bóka án andmæla af hálfu lögmanns stefnanda, „að það sé málsástæða af hálfu umbjóðanda hans, þótt óvíst sé, að það sjáist skýrlega í greinargerð, að vextir eldri en fjögurra ára miðað við stefnubirtingardag séu fyrndir“. Við málflutning lýsti hann hins vegar yfir, að hann félli frá þeirri málsástæðu, að vextir væru fyrndir. Ekki þykir rétt að taka tillit til fyrningar án kröfu stefnda, sem að öðru leyti heldur uppi vörnum í máli.

Niðurstaða dómsins að þessu leyti verður sú, að útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar á tekjutjóni stefnanda vegna varanlegrar örorku miðað við 1.5.1982, þ. e. 2.254.100 kr., verður lagður til grundvallar.

Þegar litið er til skattfrelsis og hagræðis eingreiðslu, þykir hæfilegt að áætla tjón stefnanda samkvæmt þessum lið 1.460.000 kr. Þar af hefur réttargæslustefndi greitt 277.176 kr., og nemur óbætt tjón stefnanda því 1.182.824 kr.

Um 2.

Þegar virt er sjúkrasaga stefnanda og framtíðarhorfur, þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðið nú 400.000 kr. (um 150.000 kr. með afvöxtun til 1. maí 1982 með þeim vöxtum, sem í dómsorði greinir. Viðmiðun sú, sem hér er valin, er að mati dómsins eðlilegri og hentugri til samræmingar).

Samkvæmt framangreindu telst óbætt tjón stefnanda hæfilega ákveðið 1.582.824 kr. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 3/4 hluta þess, 1.187.118 kr., ásamt vöxtum, eins og greinir í dómsorði, og málskostnaði, sem ákveðst 250.000 kr.

Krafa stefnanda um dráttarvexti af málskostnaði frá 15. degi eftir dómsuppsögu er ekki tekin til greina, þar sem málið var þingfest fyrir 1. júlí

2006

1988, sbr. 28. gr. laga nr. 54/1988 um breytingu á lögum um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Vextir af tildæmdum miskabótum, 300.000 kr., dæmast frá dómsupp-sögudegi, en af 277.176 kr., sem réttargæslustefndi greiddi stefnanda 3. mars 1988, að þeim degi.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm ásamt samdómsmönnum Finnþoga H. Alexanderssyni og Gunnari Aðalsteins-syni héraðsdómurum.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Elliði Þorsteinsson, greiði stefnanda, Erlu Sigurjóns-dóttur, 1.187.118 krónur með 34% ársvöxtum af 1.164.294 kr. frá 1. maí 1982 til 31. október 1982, 42% frá 1. nóvember 1982 til 20. september 1983, 35% frá 21. september 1983 til 20. október 1983, 32% frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, 27% frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, 21,5% frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984, 15% frá 21. janúar 1984 til 12. ágúst 1984, 17% frá 13. ágúst 1984 til 31. desember 1984, 24% frá 1. janúar 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1986, 12% frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til 20. janúar 1987, 10% frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar 1987, 11% frá 21. febrúar 1987 til 30. apríl 1987, 12% frá 1. maí 1987 til 20. júní 1987, 13% frá 21. júní 1987 til 10. júlí 1987, 15% frá 11. júlí 1987 til 20. september 1987, 17% frá 21. september 1987 til 10. október 1987, 19% frá 11. október 1987 til 31. október 1987, 20% frá 1. nóvember 1987 til 30. nóvember 1987, 22% frá 1. desember 1987 til 20. janúar 1988, 20% frá 21. janúar 1988 til 29. febrúar 1988, 19% frá 1. mars 1988 til 2. mars 1988, en af 887.118 krónum frá 3. mars 1988 til 31. mars 1988, en með dráttar-vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 887.118 krónum frá 1. apríl 1988 til uppkvaðningar dóms þessa, en eftir það af 1.187.118 krónum til greiðsludags, eins og þeir eru hverju sinni. Dráttarvextir, á fallnir eftir 1. apríl 1988, bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. apríl 1989.

Stefndi greiði stefnanda 250.000 krónur í málskostnað.
